

Stjórnarfundur Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs

haldinn í Suðurgötu 3, föstudaginn 2. Júlí kl. 16.30

Mætt: Hlynur, Magga P, Guðrún Ágústa, Steingrímur, Katrín, Auður Lilja, Drífa, Guðrún Axfjörð

1. Ályktanir frá flokksráðsfundi

a) Ámundi Loftsson kynnti ályktun um lausnavinnu vegna skulda heimilanna. Ályktuninni vísað til þingflokks og ráðherra til skoðunnar. Framkvæmdastýru falið að koma á efnahagsmálahóp til að ræða þessi mál enn frekar.

b) ESB ályktun frá flokksráðsfundi rædd. Samþykkt að stofna Evrópustarfshóp. Framkvæmdastýru falið að boða til fyrsta fundar.

c) Ályktun um vinnulag innan flokksins rædd. Samþykkt að stofna hóp undir stjórn Lífar Magneudóttur og Katrínar Jakobsdóttur sem hefji störf í ágúst.

d) Rætt ályktun um stjórnarsýslu í umhverfis- og auðlindamálum. Samþykkt að stofna hópa um umhverfismál og stjórnarsýslu sem stefnt er að því að fundi a.m.k. einu sinni fyrir málefnaþing.

2. Málefnaþing, sveitarstjórnarráðstefna og flokksráðsfundur í haust

Framkvæmdastýra kynnti drög að starfsáætlun fyrir haustið.

3. Önnur mál:

a) Ársreikningar: Ársreikningar fyrir starfsárið 2009 kynntir og áritaðir.

b) Rætt um þörf á átaki í styrktarmannakerfi flokksins.

c) Samþykkt að framkvæmdastýra kaupi fartölvu fyrir skrifstofuna.

Fundi slitið kl. 18:00. Næsti fundur verður haldinn 6.ágúst nk.